

Umhverfisstofnun
b.t. Hákonar Ásgeirssonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Höfn í Hornafirði, 9. desember 2016
Tilvísun: **UST201612-075**

Efni: Skógaheiði skyndilokun – beiðni um umsögn.

Samtök náttúrustofa hafa fengið til umsagnar frá Umhverfisstofnun erindi um skyndilokun á gönguslóða ofan Skógafoss á Skógaheiði meðan á framkvæmdum stendur.

Samkvæmt 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 getur Umhverfisstofnun takmarkmarkað umferð eða lokað svæði vegna hættu á gróðurskemmdum. Í 25. gr. segir m.a. „ *Ef sérstakar aðstæður skapast þar sem veruleg hættu er á tjóni af völdum óvenjumikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru getur Umhverfisstofnun ákveðið að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum... Takmörkunin eða lokunin skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur.*“

Núverandi gönguslóði og umhverfi hans er mjög illa farið vegna fjölda ferðamanna sem og hlýnda og mikillar vætutíðar.

Samtök náttúrustofa eru samþykkt skyndilokun á gönguslóða ofan Skógafoss meðan á framkvæmdum stendur og unnið er að þörfum endurbótum.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Hermannsdóttir